

Mál nr. 1/2011

Ár 2011, mánudaginn 3. október, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 1/2011:

X
gegn
Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmæðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 22. febrúar 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða Y hafi gerst brotleg við Grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann XX við tíkina YY án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu Y til umsagnar með bréfi dags. 28. febrúar og henni gefin andmælafrestur til 28. mars 2011. Kærða Y svaraði ekki innan tilskilins frests og var henni send ítrekun með bréfi dags. 30. mars og henni gefin viðbótarfrestur til 6. apríl. Kærða Y svaraði ekki ítrekun og var ákveðið að boða til sáttafundar og var fundarboð sent með ábyrgðarpósti þann 19. apríl og kærða Y boðuð á sáttafund 2. maí þar sem henni var gefin kostur á símafundi þar eð kærða Y býr utan höfuðborgarsvæðisins. Kærða Y svaraði ekki fundarboði og var árangurslaust reynt að ná í hana í síma. Það þótti því fullreynt að ná sambandi við kærðu Y og ljóst að svo komnu að kærða Y myndi ekki koma fram með andmæli við kærinni né að sættir myndu nást. Ákvað siðanefnd að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var rakkinn XX paraður við tíkina YY án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð.

Hundarnir eru af hundakyninu chihuahua og er rakkinn í eigu kærðu Y. Við pörunina var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærða Y brotið gegn Grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Kærða Y nýtti sér ekki andmælarétt sinn þrátt fyrir ítrekanir né svaraði hún boði um sáttafund og var málið tekið til úrskurðar.

III. Forsendur.

Samkvæmt Grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í Reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið chihuahua:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 13 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.01.2009)“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað hinn 3.- 4. nóvember 2009 var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu chihuahua skal augnskoðun hafa farið fram og vottorð má ekki vera eldra en 13 mánaða. Augnvottorð er því eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða Y því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða Y hefur ekki komið fram með sín sjónarmið og úrskurðar siðanefnd með tilliti til þess. Kærða Y hefur þó ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur HRFÍ og þykir siðanefnd hæfileg refsing vera áminning.

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í gurndvallarreglum HRFÍ

Kærða er áminnt.

F.h. siðanefndar

Sign:

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir